



Umhverfis- og skipulagsráð

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Efni: Umsögn HER vegna skýrslu stýrihóps varðandi forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 16. febrúar 2022 var umsagnarbeiðni skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og heilbrigðisráðs um skýrslu stýrihóps varðandi forverkefni um framtíðarlausn til meðhöndlunar brennanlegs úrgangs í stað urðunar, vísað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) til umsagnar. HER hefur farið yfir skýrsluna og gerir eftirfarandi umsögn.

Að mati HER eru færð sannfærandi rök fyrir því að þörf sé á hátækni brennslustöð á Íslandi, sérstaklega þegar litið er til þess að valkostum fyrir útflutning úrgangs fer fækkandi. Auknar kröfur um endurvinnslu úrgangs og minni urðun kalla á raunhæfa lausn til að eiga við úrgang sem ekki fer í annan farveg. Með því að reisa brennslustöð væri Ísland sjálfbærara í úrgangsmálum. Jákvætt er að endurvinnslufarvegur sé til fyrir botnösku og með meðhöndlun einnig flugösku frá stöðinni. Að mati HER ætti að nýta slíka stöð til orkuvinnslu, hægt væri að nýta orkuna við endurvinnsluferli í stöðinni sjálfri en einnig væri mögulegt að selja hana nærliggjandi starfsemi. HER hvetur til þess að gert verði ráð fyrir í ferlinu að nýta koltvísýring sem verður til við brennsluna, einnig að kanna möguleikann á niðurdælingu hans ef nýtingarleiðir eru ekki nægar. Þegar er komin mikil reynsla á þessu sviði hér á landi í Carbfix verkefninu við Hellisheiðarvirkjun, eins er verið að vinna nýsköpunarverkefni með nýtingu koltvísýrings á því svæði.

Bent er á í skýrslunni að bæta þurfi aðgreiningu úrgangsflokka til að auka endurvinnslumöguleika og tryggja og koma í veg fyrir að óæskileg efni fari í vinnsluna. HER telur því að vinna þurfi markvisst að frekari úrgangsflokkun samhliða því ferli að undirbúa og reisa brennslustöð. Setja þarf í forgang að samræma meðhöndlun úrgangs milli sveitarfélaga.

Hvað varðar staðarval fyrir hátækni brennslustöð telur HER að ákjósanlegast sé að reisa slíka stöð í Álfsnesi. Samkvæmt skýrslunni yrði kolefnisfótspor stöðvarinnar minnst við þá staðsetningu. Uppbygging hafnar í Álfsnesi opnar einnig fyrir möguleikann á að flytja úrgang til stöðvarinnar sjóleiðina og draga þannig úr bílaumferð inn á svæðið. Bent er á í skýrslunni að mögulegt sé að nýta úrgang úr urðunarstaðnum sem brennsluefni í stöðinni og á þann hátt koma þeim úrgangi í notkun og um leið hreinsa það svæði. Á svæðinu er þegar gas- og jarðgerðarstöðin GAJA og gæti brennslustöðin nýtt sér afurðir hennar og einnig fargað úrgangi sem þar fellur til.

Í ljósi þess að miklar framfarir hafa orðið á tæknilausnum til að koma í veg fyrir bæði hávaða- og loftmengun frá starfsemi brennslustöðva ætti að vera hægt að tryggja að ónæði sem verður af slíkri starfsemi verði í lágmarki fyrir íbúa í nágrenni. Ef annmarkar koma upp hvað þetta varðar þá er



hægt að bregðast við með ýmsum tæknilegum lausnum sem auðveldara er að eiga við heldur en sambærilegar lausnir ef um urðunarstað væri að ræða.

Að mati HER er það þó stór galli að fyrirhuguð hátækni brennslustöð gæti ekki tekið við spilliefnum, dýrahæjum og sóttmengunum úrgangi. Fram kemur í skýrslunni að brennsla spilliefna myndi rýra gæði botnösku og rýra þannig möguleika á endurvinnslu hennar. Tekið er fram að sérstaka, sérhæfða brennslu þurfi fyrir þessa úrgangsflokka. HER telur afar aðkallandi að fundin verði fullnægjandi förgunarleið fyrir þennan úrgang og verður vinna við slíka lausn að vera í gangi samhliða vinnu til undirbúnings hátækni brennslustöð. Afar mikilvægt er að farga dýrahæjum, oft sýktum, á fullnægjandi hátt og í ljósi takamarkana á urðun úrgangs er áriðandi að farvegur finnist sem fyrst. Eins er mjög mikilvægt að sóttmengaður úrgangur frá sjúkrastofnunum fái förgunarleið sem dregur úr smithættu og þörfinni á að flytja langar vegalengdir. Loks vill HER benda á að verulega aðkallandi er að hægt sé að farga spilliefnum á borð við mengaðan jarðveg en fyrir liggur að mikið magn af slíkum jarðvegi mun falla til á uppbyggingarreitum í borginni á næstu árum. Tímabundin lausn á hluta þessara vandamála, s.s. förgun dýrahæja, væri að fá minni, færanlega brennslustöð sem hægt væri að færa á staðinn þar sem viðkomandi úrgangur fellur til og eyða honum á öruggan hátt. Ákjósanlegast er þó að einnig sé til staðar sérhæfð brennslustöð fyrir þennan sérstaka úrgang og hún þarf að rísa sem fyrst. Slík stöð ætti að mati HER einnig að vera í Álfsnesi.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson
Heilbrigðisfulltrúi